

## Tillaga til Stjórnlagaráðs

Nú stendur yfir að gerðar eru veigamiklar breytingar á Stjórnarskrá Íslands. Stjórnlagaráð, sem hefur það verk með höndum, óskar eftir ábendingum þar að lútandi og er það vel. Í þessu sambandi er rætt um að auka beri vægi löggjafarvalds.

Þáttur í því er að framkvæmdavald, líkt og dómsvald, eigi ekki sæti á Alþingi. Þessi breyting felur í sér að gerð bráðabirgðalaga framkvæmdavalds leggst af.

Rökrétt getur þá talist að álykta sem svo að Alþingi starfi framvegis allt árið, og að varamenn sinni störfum þingmanna í fjarverutilfellum þeirra, - líkt og verið hefur - sem og í sumarfríum, eins og þau almennt tíðkast.

Ísland verði eitt kjördæmi með jöfnu vægi atkvæða.

Með svipuðum hætti og segir um Stjórnlagaráð efnir Þingvallanefnd til hugmyndaleitar. Nýtt Ísland þarfnast áþreifanlegra breytinga í stjórnskipun og geta tengsl Alþingis og Þingvalla verið í forystuhlutverki í þeirri viðleimi. Ný Lögrétta væri ákjósanlegur vettvangur til þess.

Lagt hefur verið til við Þingvallanefnd að byggður verði minnisvarði um Lögréttu á Þingvöllum, í fullri stærð, töluvert uppþærður frá fyrirmyndinni, sem rúmaði 147 menn í sæti, en sá var fjöldi lögréttumanna í öndverðu, og þjóni hann öðrum þræði hlutverkum, sem gæfi honum verðugt notagildi.

Á stórum stundum hafa fundir Alþingis gjarna farið fram á Þingvöllum. Þar má nefna:

Hátíðarfund þúsund ára minningar löggjafarþings á Íslandi 1930,  
Lýðveldisstofnun 1944,  
Minningu ellefu alda byggðar í landinu 1974,

en aðstöðu hefur skort. Fleiri fundi, sem varða alþjóð, ætti að flytja til Þingvalla, þótt ekki þurfi þeir að tengjast stórviðburðum. Árlegar athafnir, svo sem þinglausnir og setning næsta þings, verða þá mönnum ofarlega í huga.

Þar eð Alþingi yrði að störfum allt árið er hægt að sameina þessar tvær athafnir á einum og sama degi, og velja til þess góðviðrisdag, einn af fjórtán nálægt sólstöðum, en þann hálfu mánuð mun Alþingi hafa staðið og starfað til forna. Ný Lögrétta væri rammi við hæfi í því hlutverki.

Með vinsemd  
Kristján Steinsson  
041130 - 3779